

**22. gr.**

Byggingarsjóður ríkisins greiðir 1% af innheimtum launaskatti samkvæmt reglugerð þessari til ríkissjóðs vegna kostnaðar af framkvæmd hennar.

**23. gr.**

Launaskattur er frádráttarbær sem rekstarútgjöld, að því leyti sem hann er ákvarðaður af launum, sem teljast frádráttarbær við ákvörðun tekjuskatts og tekjuútsvars.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á árinu 1965 setja skattstjórar sér viðmiðunarreglur þær, er um ræðir í 9. gr., en ríkisskattstjóri setur þær í fyrsta skipti árið 1966.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 15. marz 1965, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi numdar bráðabirgðareglur nr. 187 20. ágúst 1964 og reglugerð nr. 27 15. febrúar 1965, um breyting á þeim reglum.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1965.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Afmælisgjafasjóð Hafnfirðinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 31. maí 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ****fyrir Afmælisgjafasjóð Hafnfirðinga.****1. gr.**

Sjóðurinn heitir Afmælisgjafasjóður Hafnfirðinga.

Sjóðurinn er stofnaður í tilefni af 75 ára afmæli Bjarna læknis Snæbjörnssonar með stofnframlagi Raftækjaverksmiðju Hafnarfjarðar hf.

**2. gr.**

Stofnfé sjóðsins er kr. 25 000.00.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í Sparisjóði Hafnarfjarðar með kaupum á ríkis tryggðum verðbréfum eða öðrum vel tryggðum og auðseljanlegum skuldabréfum eða á annan öruggan og ekki óarðbærari hátt að mati sjóðsstjórnar.

**3. gr.**

Sjóðurinn skal afla sér tekna með sölu heillaóskaskeyta (korta) á afmælisdögum einstaklinga, hjóna eða fyrirtækja. Lægsta gjald fyrir skeytið skal vera kr. 100.00. Nafn viðtakanda, sendanda og fjárhæð skal færast í sérstaka bók.

Enn fremur veitir sjóðurinn móttöku framlögum einstaklinga og fyrirtækja á merkisdögum í ævi þeirra og starfi.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá að styrkja hverja þá starfsemi, sem starfrækt er hér í bænum eða nágrenni hans í þágu barna og unglinga til 16 ára aldurs, t. d. vöggustofur, dagheimili barna, upptökuheimili fyrir afvegaleidd börn, heimili fyrir vangæf eða taugaveikluð börn o. s. frv.

Ekki má veita hærri styrk úr sjóðnum á ári en nemur árlegum vöxtum hans. Skulu styrkveitingar þó ekki hefjast, fyrr en höfuðstóll hefur náð því að verða kr. 100 000.00.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal þannig skipuð: Prestur þjóðkirkjunnar í Hafnarfirði, lögreglustjóri og bæjarstjóri Hafnarfjarðar séu fastir stjórnarmenn. Þeir skipta með sér verkum og kjósa síðan tvo meðstjórnendur, karl og konu, til tveggja ára í senn úr hópi þeirra Hafnfirðinga, sem fengið hafa skeyti. Ekki má endurkjósa meðstjórnanda, fyrr en liðin eru 2 ár frá síðustu setu hans í stjórninni.

## 6. gr.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega í blaði, sem gefið er út í Hafnarfirði. Skulu þeir vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

## 7. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að breyta einstökum atriðum í stofnskrá þessari, ef hún er öll sammála þar um. Þó má aldrei breyta tilgangi sjóðsins eða skipun sjóðstjórnar.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skrá þessari.

Hafnarfirði.

HF. RAFTÆKJEVERKSMÍÐJAN

Axel Kristjánsson.

## FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjörð.

### I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

## 1. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í Gullbringusýslu og Hafnarfirði. Sveitarstjórnir hafa á hendi stjórn og framkvæmd mála þessara hver í sínum hreppi eða í samvinnu tvær eða fleiri saman, þar sem henta þykir. Heimilt er sveitarstjórnnum að fela öðrum framkvæmd fjallskilamála að einhverju eða öllu leyti.

## 2. gr.

Eigi fleiri en eitt sveitarfélag sameiginlegt afréttarsvæði eða lönd innan sýslunnar þar sem fé þeirra gengur saman, skulu sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, kjósa fjallskilaneftnd til að sjá um fjallskil og vorsmalanir. Fjallskilaneftnd skal